



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Niðurstöður á viðhorfum foreldra til starfsemi leikskóla í Reykjavík 2021*

#### **Helstu niðurstöður**

Könnun á viðhorfum foreldra sem eiga börn í leikskólum í borginni var lögð fyrir í mars 2021. Alls fengu foreldrar 5.462 barna í borgarreknum leikskólum, sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík og 5 ára deildum Landakotsskóla og Skóla Ísaks Jónssonar könnunina senda, 4.473 svör bárust og var svarhlutfallið því 82%.

Á heildina litið eru foreldrar ánægðir með leikskólann, telja að barninu sínu líði vel og sé öruggt. Niðurstöðurnar varðandi þessa þætti eru nánast þær sömu og fyrir tveimur árum þegar könnun var síðast lögð fyrir. Áhrif Covid-19 heimsfaraldurs má hins vegar glögglega sjá í svörum er lúta að faglegu samstarfi við foreldra og foreldrasamfélagið og í opnum svörum um annað sem foreldrar vildu koma á framfæri.

Tæplega 97% foreldra eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *barninu mínu líður vel í leikskólanum* frá tæpum 96% í síðustu könnun, 95,5% eru sammála því að í leikskólanum ríki notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft frá 94,5% árið 2019. Tæplega 93% telja viðfangsefnið í leikskólanum vera áhugaverð frá rúmlega 91% í síðustu könnun. Um 94% eru ánægðir með með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið og tæp 95% sammála því að starfsfólk þekki þarfir barnanna þeirra, hvoru tveggja á pari við niðurstöður síðustu könnunar. Hlutfall þeirra foreldra sem finnst aðbúnaður í leikskólanum góður hækkaði úr 82,5% árið 2019 upp í 88,6% í ár.

Þeir þættir sem foreldrar voru síst sammála tengjast óhjákvæmilega þeim sóttvarnaraðgerðum sem leikskólarnir urðu að viðhafa á tímabilinu og óvenjulegum og á stundum færri foreldrafundum. Mesta breytingin var í fullyrðingunni *Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu* en aðeins tæpir 60% voru sammála þeirri fullyrðingu frá 78% árið 2019. Þá voru færri sammála því að þeir hefðu tekið þátt í að meta framfarir barnsins (60%) og að leikskólinn haldi þeim upplýstum um framfarir barnsins (rúm 68%) frá því í fyrri könnun en hlutfall þessara þátta lækkaði um u.þ.b 7 prósentustig á milli kannana. Þrátt fyrir þessa lækkun telja 84,5% foreldra að þeir fái greinagóð svör við spurningum sínum um leikskólastarfið sem lækkaði þó frá fyrri könnun úr 87,2%.

Foreldrar eru almennt ánægðir með leikskóla barna sinna en 94% eru sammála því að þeir séu á heildina litið ánægðir með leikskólann sem er sama niðurstaða og árið 2019. Eins eru foreldrar upp til hópa sáttir við stjórnun leikskólans en 91% eru sammála því að leikskólanum sé vel stjórnað frá 90% árið 2019.

Í ár var bætt við spurningum um hvort að börn hefðu hlotið viðbótar stuðnings í leikskólanum t.d. vegna málþroska, samskipta- eða hegðunarvanda og svöruðu rúmlega 18% því játandi. Af þeim töldu tæp 94% að heildstætt hafi verið tekið á málum barnsins, tæp 88% að tímanlega hefði verið tekið á málum barnsins og tæp 93% að þjónustan hafi verið gagnleg.

Heildarniðurstöður yfir alla leikskólana má sjá í fylgiskjölum.

### **Nánar um framkvæmd viðhorfskönnunarinnar**

Annað hvert ár er kannað viðhorf foreldra til starfsemi þess leikskóla sem barn þess sækir.

Vísar rannsóknir ehf. sá um gagnaöflunina og fór hún fram dagana 4. - 24. mars 2021. Fyrst var könnunin send á annað foreldrið en ef það hafði ekki svarað eftir ítrekanir í tölvupósti og sms þá var hún send á annað skráð foreldri. Hending réð hvort foreldrið fékk könnunina senda fyrst. Ekki var spurt um fleiri en eitt barn á hverju heimili.

Úrvinnsla niðurstaðna fór fram í smáforriti í Qlik sense. Leikskólastjórar hafa aðgang að smáforrit þar sem þeir geta skoðað niðurstöður síns leikskóla í samanburði við Reykjavík í heild, borgarhlutana fimm eða breytingu frá síðustu könnun. Leikskólarnir geta skoðað niðurstöður niður á kyn, tungumál og árganga ef að lágmarki fimm standa að baki svári tiltekins hóps. Svör koma út á grænu ef meðalstig þeirra er fjórir eða hærra, þau koma út á gulu ef stigin eru frá þremur upp í fjóra og á rauðu ef þau eru lægri en þrjár. Þessi litakvarði er sá sami og notaður er í viðhorfskönnun starfsfólks og því þekkja stjórnendur hann.

### **Viðbrögð og nýting á vettvangi**

Fagskrifstofa leikskólamála fer yfir foreldrakannanir. Bendi niðurstöður til að þörf sé á frekari skoðun t.d. vegna breytinga milli ára eða sérstakra athugasemda í opnum svörum, er unnið úr því í samráði við stjórnendur.



Leikskóli

Spurning

Kyn

...

Samanburður

- Reykjavík heild
- Fyrri könnun
- Árbær - Grafarholt
- Breiðholt
- Grafarvogur - Kjalarnes
- Laugardalur - Háaleiti
- Miðborg - Hlíðar og Vesturbær

Heildaránægja með leikskóla

4,60 Fyrri könnun heild

Niðurstöður eiga við

Leikskóli: Allir leikskólar

Ár: 2021

Aldursflokkur: Allir aldursflokkar

Spurning: Allar spurningar

Kyn barns: Bæði kyn

Tungumál: Öll tungumál

Samanburður: Fyrri könnun

Barninu líður vel í leikskólanum

4,62 Fyrri könnun heild

Tel barnið mitt vera öruggt

4,63 Fyrri könnun heild


Vingjarnlegt andrúmsloft

4,61 Fyrri könnun heild


Skólanum er vel stjórnað

4,44 Fyrri könnun heild


Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið




Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfið



Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum



# Gagnatöflur - Hlutföll

## Spurningar í foreldrakönnun - Hlutföll

SpurningFlokkur <input type="text"/>		Spurning <input type="text"/>		Values				
		Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála stelpna	Hlutfall sammála stráka	Hlutfall sammála - fyrri könnun	
Barnið og starfið	Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	91,6%	5,8%	2,6%	91,3%	91,9%	-	
	Barnið hefur aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum	93,7%	4,7%	1,6%	94,3%	93,2%	-	
	Barnið mitt á góða félagagát/agast vel í barnahópnum	92,3%	5,8%	1,9%	94,1%	90,6%	92,7%	
	Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	94,0%	4,8%	1,2%	94,9%	93,2%	93,3%	
	Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	96,7%	2,2%	1,1%	97,3%	96,1%	95,9%	
	Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	93,8%	4,2%	2,0%	94,2%	93,3%	93,9%	
	Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	90,9%	7,9%	1,2%	91,6%	90,3%	88,4%	
	Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	96,0%	3,3%	0,7%	96,7%	95,2%	95,4%	
	Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	94,6%	4,1%	1,3%	95,1%	94,2%	94,9%	
Foreldrar og starfið	Ábendingum mínum er vel tekið	78,5%	18,2%	3,3%	78,4%	78,7%	73,4%	
	Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	84,6%	10,9%	4,5%	84,8%	84,3%	87,0%	
	Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	65,5%	21,2%	13,3%	64,5%	66,4%	69,3%	
	Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	60,2%	22,8%	17,1%	58,5%	62,0%	66,8%	
	Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	68,4%	16,6%	15,0%	68,3%	68,6%	75,6%	
	Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	58,0%	28,3%	13,7%	57,8%	58,1%	78,1%	
	Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum*	41,0%	34,2%	24,8%	40,2%	41,7%	39,2%	
Stefna og stjórnun	Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	87,9%	11,0%	1,1%	86,9%	88,7%	87,4%	
	Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	80,4%	12,6%	7,0%	79,7%	81,2%	83,2%	
	Leikskólanum er vel stjórnað	90,9%	5,8%	3,3%	90,6%	91,2%	89,9%	
	Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	85,0%	12,3%	2,7%	84,6%	85,4%	84,6%	
	Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	88,6%	7,4%	4,0%	89,1%	88,2%	82,4%	
	Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	90,9%	6,1%	3,1%	90,6%	91,1%	88,9%	
	Viðfangsefni í leikskólanum eru áhugaverð	92,7%	6,1%	1,2%	92,4%	92,8%	91,2%	
Upplifun af leikskólanum	Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	88,3%	5,5%	6,1%	88,7%	88,0%	90,6%	
	Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	91,4%	5,9%	2,7%	91,7%	91,3%	-	
	Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	96,2%	2,8%	0,9%	96,6%	95,9%	95,7%	
	Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk	94,0%	3,9%	2,1%	94,2%	93,9%	94,6%	
	Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	93,4%	4,6%	2,0%	93,6%	93,4%	92,6%	
	Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	95,5%	3,3%	1,3%	95,9%	95,1%	94,5%	
	Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	94,0%	3,6%	2,4%	94,6%	93,6%	93,8%	



SpurningFlokkur Q Spurning Q	Values						
	Heildarmeðaltal í Reykjavík	Fyrri könnun	Meðaltal stráka	Meðaltal stelpna	Meðaltal 2 ára eða yngri	Meðaltal 3-4 ára	Meðaltal 5 ára eða eldri
<b>Barnið og starfið</b>	<b>4,50</b>	<b>4,52</b>	<b>4,48</b>	<b>4,53</b>	<b>4,56</b>	<b>4,47</b>	<b>4,48</b>
Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	4,51	-	4,51	4,52	4,55	4,50	4,49
Barnið hefur aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum	4,50	-	4,49	4,51	4,55	4,49	4,45
Barnið mitt á góða félag/aðlagast vel í barnahópnum	4,46	4,51	4,39	4,52	4,44	4,44	4,49
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	4,48	4,47	4,45	4,52	4,57	4,46	4,42
Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	4,62	4,63	4,58	4,66	4,71	4,58	4,56
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	4,57	4,57	4,55	4,59	4,65	4,53	4,54
Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	4,41	4,39	4,39	4,44	4,47	4,39	4,39
Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	4,53	4,57	4,51	4,55	4,61	4,50	4,50
Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	4,42	4,48	4,40	4,44	4,47	4,38	4,43
<b>Foreldrar og starfið</b>	<b>3,79</b>	<b>3,93</b>	<b>3,80</b>	<b>3,78</b>	<b>3,74</b>	<b>3,77</b>	<b>3,86</b>
Ábendingum mínum er vel tekið	4,14	4,08	4,14	4,14	4,18	4,12	4,12
Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	4,27	4,36	4,25	4,29	4,29	4,22	4,32
Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	3,78	3,91	3,79	3,76	3,71	3,76	3,86
Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	3,64	3,82	3,69	3,60	3,52	3,65	3,77
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	3,79	4,00	3,79	3,80	3,76	3,74	3,91
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	3,67	4,14	3,66	3,68	3,55	3,67	3,79
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum*	3,21	3,18	3,23	3,19	3,16	3,22	3,25
<b>Stefna og stjórnun</b>	<b>4,33</b>	<b>4,32</b>	<b>4,33</b>	<b>4,33</b>	<b>4,38</b>	<b>4,30</b>	<b>4,31</b>
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	4,37	4,39	4,37	4,37	4,42	4,34	4,35
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	4,09	4,16	4,10	4,08	4,12	4,04	4,13
Leikskólanum er vel stjórnað	4,44	4,42	4,45	4,43	4,49	4,44	4,39
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	4,23	4,25	4,23	4,23	4,28	4,19	4,22
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	4,32	4,17	4,30	4,34	4,41	4,28	4,28
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,42	4,39	4,42	4,43	4,47	4,42	4,38
Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	4,44	4,45	4,44	4,45	4,49	4,42	4,42
<b>Upplifun af leikskólanum</b>	<b>4,54</b>	<b>4,56</b>	<b>4,54</b>	<b>4,55</b>	<b>4,58</b>	<b>4,51</b>	<b>4,55</b>
Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	4,36	4,46	4,34	4,38	4,28	4,34	4,46
Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	4,56	-	4,56	4,56	4,60	4,53	4,54
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	4,63	4,61	4,62	4,65	4,66	4,60	4,64
Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk	4,57	4,62	4,56	4,57	4,62	4,53	4,56
Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	4,50	4,50	4,48	4,51	4,55	4,46	4,48
Það ríkir notalegt og vinkjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	4,61	4,60	4,60	4,61	4,67	4,56	4,60
Pegar á heildina er lítið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	4,60	4,58	4,59	4,61	4,64	4,57	4,58